



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/197
komudagur 12.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 12.11.2013
Tilvísun: 201310-0030

Efni: Þingsályktun um fríverslunarsamning Íslands og Kína, 73. mál.

Alþýðusamband Íslands mótmælir því harðlega að Alþingi staðfesti fríverslunarsamning þann sem gerður hefur verið við Kína. Fyrir liggur að kínversk stjórnvöld viðurkenna ekki mannréttindi og hafa áratugum saman hunsað grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar og meinað launafólki að stofna frjáls stéttarfélag til að semja um sín kjör. Með þessum samningi er íslenskum fyrirtækjum og íslensku launafólki ætlað að keppa á jafnréttisgrundvelli við fyrirtæki í Kína, sem þurfa ekki að uppfylla nein þau skilyrði sem þau íslensku þurfa að uppfylla. Afleiðingin af þessum gjörningi er augljós. Hann mun þvinga niður launakjör hér á landi og það sem verra er, þvinga íslensk fyrirtæki til að flytja framleiðslu sína til Kína og selja hana síðan bæði hér og annarsstaðar undir íslenskum merkjum. Það er og hefur algjört skilyrði af hálfu ASÍ, að við gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki verði sett bein og ófrávíkjanleg skilyrði um að viðkomandi ríki viðurkenni og framkvæmi í raun allar grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar.

Þegar sá fríverslunarsamningur var í smíðum sem nú er leitað staðfestingar á, gerði ASÍ kröfu til þess að gengið yrði samhliða frá sérstakri yfirlýsingu um vinnumál, ætluðu stjórnvöld sér á annað borð að gera samning um fríverslun. Sú yfirlýsing yrði sambærileg við vinnuáráðayfirlýsingu þá sem Kína samdi um við Nýja Sjáland varðandi samskipti, dagskrárefni og aðild. Aðildin að samráðsveitvangi yrði þríhliða af hálfu beggja aðila þ.e. skipaður auk stjórnvalda af fulltrúum „most representative“ samtaka launafólks og

Alþýðusamband Íslands

Sætuhi 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



atvinnurekenda. Vísað yrði með skýrum hætti til Decent Work Agenda¹ Alþjóðavinnuáráðs (ILO) auk þess að vísa til markmiða ILO, grundvallarsamþykktta og grundvallarréttinda. Fyrirheit voru gefin af hálfu fyrirverandi utanríkisráðherra um að frá hvorutveggja, fríverslunarsamningi og yfirlýsingu um vinnumál, yrði gengið samhlíða. Það var ekki gert og enn er ósamið um yfirlýsingu um vinnumál og staða til þess að ljúka slíku samkomulagi veik eftir að hafa undirritað fríverslunarsamninginn án nokkurra fyrirvara.

Alþýðusamband Íslands mótmælir því þess vegna harðlega að Alþingi staðfesti fríverslunarsamning þann sem gerður hefur verið við Kína og ítrekar þá afstöðu sem áður hefur komið fram sbr. meðfylgjandi fyrri umsögn og bréf til Forseta Íslands.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

¹ DWA þýðir: **Creating Jobs** – an economy that generates opportunities for investment, entrepreneurship, skills development, job creation and sustainable livelihoods.

Guaranteeing rights at work – to obtain recognition and respect for the rights of workers. All workers, and in particular disadvantaged or poor workers, need representation, participation, and laws that work for their interests.

Extending social protection – to promote both inclusion and productivity by ensuring that women and men enjoy working conditions that are safe, allow adequate free time and rest, take into account family and social values, provide for adequate compensation in case of lost or reduced income and permit access to adequate healthcare.

Promoting social dialogue – Involving strong and independent workers' and employers' organizations is central to increasing productivity, avoiding disputes at work, and building cohesive societies.

Alþýðusamband Íslands

Sætdni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



Utanríkisráðuneytið
b.t. Maríu Erlu Marelsdóttur
IS-150

Reykjavík 11. október 2007.

Varðar: Erindi ráðuneytisins dags. 2.10 s.l. varðandi fríverslunarviðræður Íslands og Kína.

Alpýðusambandið hefur verið og er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að rækta samskipti við Kína þannig að færi geti gefist á beinum og milliliðalausum samskiptum. ASÍ telur jafnframt að í viðræðum og samningagerð um fríverslun við Kína eigi íslensk stjórnvöld að binda fríverslun skilyrðum gagnvart báðum aðilum samningsins og öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem hyggjast nýta sér þá fríverslun sem samið verður um. Þau skilyrði varða virðingu fyrir grundvallarmannréttindum launafólks, verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda.

Annars vegar varðar þetta íslensk fyrirtæki og kröfur á hendur þeim um að þau virði þessi grundvallarmannréttindi í starfsemi sinni í Kína. Starfsemi þeirra verði þannig háð því að þau virði og hafi í gildi kjarasamninga við frjáls samtök launafólks og ef slík samtök séu ekki til staðar, hvetji til og aðstoði við stofnun þeirra. Þeim verði einnig gert skylt að haga starfsemi sinni í samræmi við reglur Alþjóðavinnuáráðs um aðbúnað og hollustu hætti, vinnutíma, aldursmörk til vinnu og aðrar þær reglur sem gilda um vinnuumhverfi og réttindi launafólks.

Hins vegar varðar þetta kínversk fyrirtæki og kröfu á hendur þeim um að þau virði þessi grundvallarmannréttindi í starfsemi sinni. Sala þeirra á vörum og þjónustu skv. ákvæðum fríverslunarsamnings ríkjanna verði þannig gerð háð því að þau hafi í gildi kjarasamninga við frjáls samtök launafólks og hagi starfsemi sinni í samræmi við reglur Alþjóðavinnuáráðs um aðbúnað og hollustu hætti, vinnutíma, aldursmörk til vinnu og aðrar þær reglur sem gilda um vinnuumhverfi og réttindi launafólks.

Það er einlæg von og raunar krafa Alpýðusambands Íslands, að íslensk stjórnvöld gangi til þessara fríverslunarsamninga þannig þau geti gengið frá þeim með þeim sóma og þeirri virðingu sem Íslandi ber sem merkisbera mannréttinda í samfélagi þjóðanna.

Virðingarfyllt,


Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ.

Hjálagt:

1. Skýrsla ICFTU (International Confederation of Free Trade Unions) til Sameinuðu Þjóðanna vegna framkvæmdar Kína og alþjóðasamningnum um efnahagsleg-, félagsleg- og menningarleg réttindi frá 1966.
2. Skýrsla ICFTU um mannréttindi launafólks og verkalýðshreyfingar í Kína 2006.
3. Bréf forseta ASÍ til forseta Íslands frá 9.5 2005.



Reykjavík, 9. maí 2005
Tilvísun: 2005050015

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
Staðastað,
Sóleyjargötu 1,
101 Reykjavík

Efni: Staða mannréttindamála í Kína í tilefni af opinberri heimsókn forseta Íslands.

Í tilefni af fyrirhugaðri opinberri heimsókn forseta Íslands til kínverska Alþýðulýðveldisins vill Alþýðusamband Íslands koma á framfæri áhyggjum sínum af stöðu mannréttindamála í Kína, einkum hvað varðar starfsemi frjálsra stéttarfélaganna.

Alþýðusambandið telur að með því að veita ríkisreknum stéttarfélögum einkaleyfi til starfsemi, með því að fangelsa forustumenn frjálsra stéttarfélaganna og með því að banna launafólki að nota verkföll til að fylgja eftir kröfum sínum séu kínversk stjórnvöld með grófum hætti að brjóta mikilvægar alþjóðasamþykktir í mannréttindamálum, sem þau undirgengust sjálfviljug í mars 2001. Mikilvægastar í þessu sambandi eru grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuáráðsforseta Íslands, ILO, þar sem skýrt er kveðið á um frelsi til að stofna stéttarfélög og frelsi til að semja um eigin kjör.

Alþýðusambandið lýsir einnig miklum áhyggjum sínum af örlögum þeirra Yao Fuxin, 53 ára, og Xiao Yunliang, 58 ára, sem báðir voru virkir félagar í frjálsu stéttarfélagunum í Kína, en þeir voru fangelsaðir fyrir baráttu sína fyrir hagsmunum launafólks. Forseti ASÍ sendi af þessu tilefni í janúar s.l. áskorun til dómsmálaráðherra Kína, Hr. Zhang Fusen, um að þessum félögum okkar verði sleppt úr haldi til að þeir geti leitað lækninga við alvarlegum sjúkdómum. Við þessari áskorun hafa kínversk stjórnvöld ekki orðið.


Vegna stöðu mannréttindamála í Kína og fleiri löndum hafa Alþjóðasamtök frjálsra stéttarfélaganna, ICFTU, sem eru samtök 148 milljóna launamanna í 223 samtökum frá 152 löndum og ASÍ á aðild að, krafist þess að grundvallarsamþykktir ILO verði gerðar að lágmarksákvæðum í öllum viðskiptaskilmálum Alþjóðaviðskiptaáráðsforseta Íslands, WTO. Þessari kröfu hefur m.a. verið komið á

framfæri í tengslum við viðræðurnar í Doha. Meðan þær viðræður dragast á langinn munu milljónir launamanna í heiminum áfram vera í ótta um að stórfyrirtæki flytji störf þeirra til Kína, þar sem framleiðsla er ódýrari vegna heimilaðra brota á grundvallar-réttindum launafólks. Mörg íslensk fyrirtæki hafa séð „tækifæri“ á að nýta sér þennan möguleika til bættrar samkeppnisstöðu og flytja framleiðslu sína til Kína. Alþýðusambandið væntir þess og treystir því að þessi fyrirtæki leggi sitt lóð á vogarskálarnar í að vinna gegn þessum mannréttindabrotum.

Alþýðusambandið hefur tekið heils hugar undir kröfu ICFTU um að grundvallarsamþykktir ILO verði gerðar að lágmarksákvæðum í öllum viðskiptaskilmálum WTO. Jafnframt höfum við stutt þá kröfu að Kína fái ekki fulla aðild að WTO nema það bæði staðfesti og fari eftir grundvallarsamþykktum ILO.

Alþýðusambandið er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að rækta samskipti við Kína þannig að færi geti gefist á beinum og milliliðalausum samskiptum. Því fer Alþýðusamband Íslands þess á leit við þig, sem forseti Íslands, að þú komir fyrrgreindum áhyggjum okkar á framfæri í viðræðum þínum við kínversk stjórnvöld.

Virðingarfyllst,



Grétar Þorsteinsson
forseti ASÍ

